

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 669/2009

2010/EES/56/21

frá 24. júlí 2009

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar auknið, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu fóðri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu, og um breytingu á ákvörðun 2006/504/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fôður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 63. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ⁽²⁾, einkum 1. mgr. 53. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð 882/2004 er komið á samræmdum ramma almennra reglna um skipulag á opinberu eftirliti innan Bandalagsins, þ.á m. opinberu eftirliti með aðflutningi á matvælum og fôðri frá þriðju löndum. Þar að auki er í henni gert ráð fyrir að tekin skuli saman skrá (hér á eftir nefnd skráin) yfir fôður og matvæli sem eru ekki úr dýraríkinu og skulu, á grundvelli þekkrar eða nýtilkominnar áhættu, sæta auknu opinberu eftirliti þar sem þau eru flutt inn á yfirráðasvæðin sem um getur í I. viðauka við þá reglugerð. Þetta aukna eftirlit skal annars vegar felast í heimild til að spornað sé við hinni þekktu eða nýtilkomnu áhættu á skilvirkari hátt og hins vegar að safnað sé saman nákvæmum vöktunargögnum um tilvik og algengi óhagstæðra niðurstaðna úr greiningu á rannsóknarstofu.
- 2) Þegar skráin er tekin saman skal taka tillit til tiltekinna viðmiðana sem gera það kleift að bera kennsl á þekktu eða nýtilkomna áhættu sem tengist tilteknu fôðri eða matvælum sem eru ekki úr dýraríkinu.
- 3) Þar til samþykkt hefur verið stöðluð aðferðafræði og viðmiðanir fyrir uppsetningu skrárinnar skal nota gögn sem borist hafa í tilkynningum í gegnum hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fôður (RASFF) sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 178/2002,

skýrslur Matvæla- og dýraheilbrigðisráðgjafastofnunar, skýrslur frá þriðju löndum, upplýsingaskipti á milli framkvæmdastjórnarinnar, aðildarríkjanna og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, og vísindalegt mat, til að semja og uppfæra skrána.

- 4) Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er kveðið á um að aðildarríkin skuli, vegna skipulags hins aukna eftirlits, tilgreina tiltekna komustaði þar sem aðgangur er að viðeigandi eftirlitsaðstöðu fyrir ýmsar tegundir fôðurs og matvæla. Einnig er rétt að setja fram í þessari reglugerð lágmarkskröfur fyrir tilnefnda komustaði til að tryggja visst samræmi að því er varðar eftirlitið.
- 5) Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er kveðið á um að aðildarríkin skuli, vegna skipulags hins aukna eftirlits, krefjast þess að stjórnendur fôður- og matvælafyrirtækja sem eru ábyrgir fyrir vörusendingum tilkynni fyrir fram um komu og eðli slíkra vörusendinga. Því skal mæla fyrir um fyrirmynd að eyðublaði fyrir samræmt innflutningsskjal (CED) vegna innflutnings á fôðri og matvælum sem eru ekki úr dýraríkinu og falla undir þessa reglugerð, til að tryggja samræmda nálgun í gervöllu Bandalaginu. Samræmda innflutningsskjalid skal gert aðgengilegt fyrir tolfmánaþingum þegar því er lýst yfir að setja eigi vörusendingar í frjálsa dreifingu.
- 6) Einnig er rétt, til að tryggja visst samræmi á vettvangi Bandalagsins að því er varðar hið aukna eftirlit, að mæla fyrir um í þessari reglugerð að þetta eftirlit nái til skoðunar á skjölum, kennum og ástandi.
- 7) Nægilegt fjármagn skal vera til reiðu til skipulagningar á hinu aukna opinbera eftirliti. Aðildarríkin skulu því innheimta þau gjöld sem nauðsynleg eru til að standa straum af kostnaði við þetta eftirlit. Útreikningur gjaldanna skal samrýmast þeim viðmiðunum sem mælt er fyrir um í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004.
- 8) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/402/EB frá 23. maí 2005 um neyðarráðstafanir vegna eldþipars, eldþiparafurða, gullinrótar (kúrkúma), og pálmaolíu ⁽³⁾ er kveðið á um að öllum vörusendingum, sem innihalda slíkar afurðir, skuli fylgja skýrsla um greiningu sem sýnir fram á að afurðin innihaldi ekkert af eftirfarandi efnum:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 194, 25.7.2009, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2010 frá 11. júní 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 49, 16.9.2010, bls. 3.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 135, 28.5.2005, bls. 34.

Súdan I (CAS-númer 842-07-9), súdan II (CAS-númer 3118-97-6), súdan III (CAS-númer 85-86-9) eða súdan IV (85-83-6). Frá því að þessar ráðstafanir voru samþykktar hefur tilkynningum til RASFF fækkað, sem bendir til þess að umtalsverð framför hafi orðið að því er varðar innihald súdanlitarefnis í viðkomandi afurðum. Því er rétt að fella niður kröfuna um að leggja þurfi fram skýrslu um greiningu fyrir hverja sendingu af innfluttum vörum sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2005/402/EB og koma í staðinn á samræmdu, auknu eftirliti að því er varðar þessar vörusendingar á komustað í Bandalagið. Því ber að fella ákvörðun 2005/402/EB úr gildi.

- 9) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/504/EB frá 12. júlí 2006 um sérstök skilyrði fyrir tiltekin matvæli, sem flutt eru inn frá tilteknum þriðju löndum, er varða hættu á aflatoxínmengun í þessum afurðum⁽¹⁾ er kveðið á um aukna tíðni eftirlits (50% af öllum vörusendingum) með því hvort jarðhnetur innfluttar frá Brasilíu innihaldi aflatoxín. Frá því að þessar ráðstafanir voru samþykktar hefur tilkynningum til RASFF um aflatoxín í jarðhnetum frá Brasilíu fækkað. Því er rétt að fella niður ráðstafanirnar sem kveðið er á um í ákvörðun 2006/504 að því er varðar slíkar vörur, sem skulu í staðinn sæta samræmdu, auknu eftirliti á komustað í Bandalagið. Breyta ber ákvörðun 2006/504/EB til samræmis við það.
- 10) Beiting lágmarkskrafna er varða tilnefnda komustaði getur valdið erfiðleikum við framkvæmd hjá aðildarríkjunum. Því skal í þessari reglugerð kveðið á um aðlögunartímabil til að koma þessum kröfum til framkvæmdar í áföngum. Þar af leiðandi skal heimila lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum að annast þá skoðun á auðkennum og ástandi sem krafist er á öðrum eftirlitsstöðum en tilnefndum komustöðum á meðan á aðlögunartímabilinu stendur. Í slíkum tilvikum skulu eftirlitsstaðirnir uppfylla lágmarkskröfur um tilnefnda komustaði sem settar eru fram í þessari reglugerð.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um aukið opinbert eftirlit með innflutningi á fódri og matvælum sem eru ekki úr dýraríkinu og um getur í I. viðauka við þessa reglugerð, skv. 5. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004, á komustöðum inn á yfirráðasvæðin sem um getur í I. viðauka við þá reglugerð.

2. gr.

Uppfærsla á I. viðauka

Til að setja upp og uppfæra reglulega skrána í I. viðauka skal a.m.k. taka tillit til eftirfarandi upplýsinga:

- upplýsinga úr tilkynningum sem hafa borist í gegnum hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fóður,
- skýrslna og upplýsinga frá Matvæla- og dýraheilbrigðisstofnunni,
- skýrslna og upplýsinga frá þriðju löndum,
- upplýsinga sem hafa farið á milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna annars vegar og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu hins vegar,
- vísindalegs mats, eftir því sem við á.

Skráin í I. viðauka skal endurskoðuð með reglulegu millibili og a.m.k. ársfjórðungslega.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „samræmt innflutningsskjal“: skjalið sem stjórnandi fóður- og matvælaframtækis eða fulltrúi hans þarf, eins og kveðið er á um í 6. gr., að fylla út ásamt lögbæra yfirvaldinu til staðfestingar á að opinbert eftirlit hafi farið fram, en fyrirmynd að því er sett fram í II. viðauka,
- „tilnefndur komustaður“: sá komustaður sem kveðið er á um í fyrsta undirlíð 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004, inn á eitt af yfirráðasvæðunum sem um getur í I. viðauka þeirrar reglugerðar; þegar vörusendingar koma sjóleiðis og er umhlaðið yfir í annað skip til flutnings til hafnar í öðru aðildarríki skal tilnefndur komustaður vera síðari höfnin,
- „vörusending“: það magn af fódri eða matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu og eru talin upp í I. viðauka þessarar reglugerðar, sem fellur undir sama skjalið eða skjölin, er flutt með sama flutningatæki, frá sama þriðja landi eða landshluta þriðja lands.

4. gr.

Lágmarkskröfur varðandi tilnefnda komustaði

Með fyrirvara um 19. gr. skulu tilnefndu komustaðirnir hafa a.m.k. eftirfarandi tiltækt:

- nægjanlegan fjölda starfsmanna með viðeigandi menntun og hæfi, sem og reynslu til að annast tilskildar skoðanir á vörusendingum,

⁽¹⁾ Stj.útd. ESB L 199, 21.7.2006, bls. 21.

- b) viðeigandi aðstöðu þar sem lögbæra yfirvaldið getur annast nauðsynlegar skoðanir,
- c) nákvæmar leiðbeiningar um sýnatöku vegna greiningar og sendingu slíkra sýna til greiningar á rannsóknarstofu sem er tilgreind skv. 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 (tilnefnd rannsóknarstofa),
- d) aðstöðu til að geyma vörusendingar á biðtíma (og vörusendingar í gámum) við viðeigandi aðstæður, eftir því sem við á, á meðan beðið er eftir niðurstöðum greiningarinnar sem um getur í c-lið, ásamt nægjanlegum fjölda geymslna, þ.á m. kæligeymslna, í tilvikum þar sem stýra þarf hitastiginu vegna eðlis vörusendingarinnar,
- e) losunarbúnað og viðeigandi búnað til að taka sýni til greiningar,
- f) aðstöðu til að afferma og taka sýni til greiningar á skýldu svæði, eftir því sem við á,
- g) tilnefnda rannsóknarstofu sem getur annast greininguna, sem um getur í c-lið, á stað þangað sem hægt er að flytja sýnin á skömmum tíma.

5. gr.

Skrá yfir tilnefnda komustaði

Aðildarríkin skulu halda uppfærða skrá yfir tilnefnda komustaði fyrir allar afurðirnar sem eru taldar upp í I. viðauka og gera hana aðgengilega almenningi á Netinu. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um vefþöng þessara skráa.

Til upplýsingar skal framkvæmdastjórnin birta tengla á þessar skrár í hverju landi um sig á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar.

6. gr.

Fyrirframtílyfning um vörusendingar

Stjórnendur fôður- og matvælafyrirtækja eða fulltrúar þeirra skulu fyrir fram leggja fram fullnægjandi tilkynningu um áætlaðan komudag og komutíma vörusendingarinnar á tilnefnda komustaðinn og um eðli sendingarinnar.

Í þessum tilgangi skulu þau fylla út I. hluta samræmda innflutningsskjalsins og senda það til lögbæra yfirvaldsins á tilnefndum komustað, a.m.k. einum virkum degi áður en vörusendingin kemur á staðinn.

7. gr.

Tungumál samræmdra innflutningsskjala

Samræmd innflutningsskjöl skulu vera á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum aðildarríkisins þar sem tilnefndi komustaðurinn er.

Aðildarríki geta hins vegar fallist á að samræmd innflutningsskjöl séu á öðru opinberu tungumáli Bandalagsins.

8. gr.

Aukið opinbert eftirlit á tilnefndum komustöðum

1. Lögbært yfirvald á tilnefndum komustað skal framkvæma án óþarfra tafa:

- a) sannpröfun fylgiskjala með öllum vörusendingum innan 2 virkra daga frá komutíma á tilnefndum komustað, nema í undantekningartilvikum og við óhjákvæmilegar aðstæður,
- b) skoðun á auðkennum og ástandi, þ.á m. greiningu á rannsóknarstofu, eins oft og mælt er fyrir um í I. viðauka og þannig að ekki sé mögulegt fyrir stjórnendur fôður- og matvælafyrirtækja eða fulltrúa þeirra að sjá fyrir hvort tiltekin vörusending verði tekin til slíkrar skoðunar og skulu niðurstöður eftirlits með ástandi liggja fyrir svo fljótt sem tæknilega er mögulegt.

2. Að loknum þeim skoðunum sem um getur í 1. mgr., skal lögbæra yfirvaldið:

- a) fylla út viðeigandi hluta II. hluta samræmda innflutningsskjalsins og skal ábyrgur embættismaður lögbæra yfirvaldsins stimpla og undirrita frumritið,
- b) taka og geyma afrit af undirritaða og stimplaða samræmda innflutningsskjalinu.

Frumrit samræmda innflutningsskjalsins skal fylgja vörusendingunni áfram þangað til hún kemur á þann áfangastað sem gefinn er upp í skjalinu.

Lögbæra yfirvaldið á tilnefndum komustað getur heimilað frekari flutning vörusendingarinnar á meðan beðið er eftir niðurstöðum ástandsskoðunar. Þegar heimild er veitt skal lögbært yfirvald á tilnefndum komustað tilkynna lögbæru yfirvaldi á ákvörðunarstað um það og gera skal viðeigandi ráðstafanir til tryggja að vörusendingin sé áfram undir samfelldu eftirliti lögbæru yfirvaldsins og að ekki sé hægt að eiga við hana á nokkurn hátt á meðan beðið er eftir niðurstöðum úr ástandsskoðun.

Ef vörusending er flutt á meðan beðið er eftir niðurstöðum úr ástandsskoðun skal gefa út staðfest afrit af upprunalega samræmda innflutningsskjalinu.

9. gr.

Sérstakar aðstæður

1. Framkvæmdastjórnin getur, að beiðni hlutaðeigandi aðildarríkis, heimilað lögbærum yfirvöldum á sumum tilnefndum komustöðum, sem starfa við sérstakar landfræðilegar takmarkanir, að framkvæma ástandsskoðanir í húsnæði fóður- og matvælafyrirtækis, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) það hefur ekki neikvæð áhrif á skilvirkni eftirlitsins sem er framkvæmt á tilnefndum komustað,
 - b) húsnæðið uppfyllir kröfurnar, sem um getur í 4. gr., eftir því sem við á, og aðildarríkið hefur samþykkt þ að til þessarar nota,
 - c) viðeigandi fyrirkomulag er til staðar til að tryggja að vörusendingin sé undir samfelldu eftirliti lögbærra yfirvalda á tilnefndum komustað frá því að hún kemur þangað og að ekki sé hægt að eiga við hana á nokkurn hátt á meðan á skoðununum stendur.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. 8. gr. má í undantekningartilvikum gera ráð fyrir, þegar sú ákvörðun er tekin að færa nýja vöru inn í skrána í I. viðauka, að skoðun lögbærs yfirvalds á komustaðnum, sem gefinn er upp í samræmda innflutningsskjalinu, á auðkennum og ástandi sendinga þeirrar vöru geti farið fram í húsnæði fóður- og matvælafyrirtækisins ef skilyrðum sem mælt er fyrir um í b og c-lið 1. mgr. er fullnægt, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) að vörurnar séu svo viðkvæmar fyrir skemmdum eða sérstök einkenni umbúðanna séu þannig að sýnatökur á tilnefndum komustað myndu óumflýjanlega leiða af sér alvarlega áhættu fyrir öryggi matvælna eða vinna óviðunandi tjón á vörunni,
- b) lögbæru yfirvöldin komi á viðeigandi samstarfsfyrirkomulagi á tilnefndum komustað og að þau framkvæmi ástandsskoðanir til að tryggja að:
 - i. ekki sé hægt að eiga við vörusendinguna á meðan á skoðununum stendur,
 - ii. að upplýsingaskyldunni sem mælt er fyrir um í 15. gr. sé sinnt að öllu leyti.

10. gr.

Setning í frjálsa dreifingu

Vörusendingin skal sett í frjálsa dreifingu með fyrirvara um framlagningu stjórnanda fóður- og matvælafyrirtækisins eða fulltrúa hans á samræmdu innflutningsskjali eða jafngildu rafrænu skjali sem lögbæra yfirvaldið hefur fyllt út á

tilhlýðilegan hátt þegar öllu eftirliti í samræmi við 1. mgr. 8. gr. er lokið og hagstæðar niðurstöður liggja fyrir vegna ástandsskoðunar, sé slíkra skoðana krafist.

11. gr.

Skyldur stjórnenda fóður- og matvælafyrirtækja

Þegar sérkenni vörusendingarinnar réttlæta það skal stjórnandi fóður- og matvælafyrirtækis eða fulltrúi hans hafa eftirfarandi tiltækt fyrir lögbæra yfirvaldið:

- a) nægilega marga starfsmenn og fullnægjandi vöruferlisstjórnun til að afferma vörusendinguna svo að opinbert eftirlit geti farið fram,
- b) viðeigandi sýnatökubúnað til greiningar að því er varðar sérstakan flutning og/eða tiltekna tegund umbúða ef slík sýnataka getur ekki farið fram á tilhlýðilegan hátt með stöðluðum sýnatökubúnaði.

12. gr.

Vörusendingum skipt upp

Vörusendingum skal ekki skipt upp fyrir en aukna opinbera eftirlitinu er lokið og lögbæra yfirvaldið hefur fyllt út samræmda innflutningsskjalið eins og kveðið er á um í 8. gr.

Ef vörusendingunni er síðar skipt upp skal staðfest afrit af samræmda innflutningsskjalinu fylgja hverjum hluta sendingarinnar þar til hún er sett í frjálsa dreifingu.

13. gr.

Ef ekki er farið að ákvæðum

Ef opinbert eftirlit leiðir í ljós að ekki hefur verið farið að ákvæðum skal sá embættismaður lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á slíku fylla út II. hluta samræmda innflutningsskjalsins og gripið skal til aðgerða í samræmi við 19., 20. og 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004.

14. gr.

Gjöld

1. Aðildarríkin skulu tryggja að gjöld séu innheimt vegna hins aukna opinbera eftirlits sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð í samræmi við 4. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 og viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004.

2. Stjórnendur fôður- og matvælaþyrtingar sem bera ábyrgð á vörusendingunni eða fulltrúar þeirra skulu greiða gjöldin sem um getur í 1. mgr.

15. gr.

Skýrslugjöf til framkvæmdastjórnarinnar

1. Aðildarríkin skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu um vörusendingar vegna símats á fôðri og matvælum sem ekki eru úr dýrarákinu og talin eru upp í I. viðauka.

Skýrslan skal send fyrir lok fyrsta mánaðar eftir lok hvers ársfjórðungs.

2. Í skýrslunni skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

a) upplýsingar um hverja vörusendingu, þ.m.t.:

- i. stærð vörusendingarinnar, gefin upp sem eigin þyngd,
- ii. upprunaland hvernar vörusendingar,

b) fjölda vörusendinga sem sýni voru tekin úr til greiningar,

c) niðurstöður skoðananna, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 8. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslurnar sem berast skv. 2. mgr. og gera þær aðgengilegar fyrir aðildarríkin.

16. gr.

Breyting á ákvörðun 2006/504/EB

Ákvörðun 2006/504/EB er breytt sem hér segir:

1. Í 1. gr. skal fella brott iii., iv. og v. lið a-liðar.

2. Í stað a-liðar 2. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„a) sérhver vörusending af matvælum frá Brasilíu,“.

3. Í 7. gr. falli 3. mgr. brott.

17. gr.

Ákvörðun 2005/402/EB fellur úr gildi

Ákvörðun 2005/402/EB er felld úr gildi.

18. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. janúar 2010.

19. gr.

Aðlögunarráðstafanir

1. Í fimm ár eftir gildistöku þessarar reglugerðar má, ef ekki er aðstaða á tilnefndum komustað til að framkvæma ástandsskoðun sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 8. gr., framkvæma þessar skoðanir á annari eftirlitsstöð innan sama aðildarríkis, sem lögbæra yfirvaldið hefur veitt heimild til slíks, áður en frjáls dreifing á vörum er heimiluð, að því tilskildu að þessi eftirlitsstaður uppfylli lágmarkskröfurnar sem mælt er fyrir um í 4. gr.

2. Aðildarríki skulu gera aðgengilega skrá yfir eftirlitsstöðvar, sem viðurkenndar eru í samræmi við fyrstu málsgrein, með því að birta hana rafrænt á vefsetri sínu.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júlí 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

A. Fóður og matvæli sem eru ekki úr dýraríkinu og falla undir aukioð opinbert eftirlit á tilnefndum komustað

Fóður og matvæli (fyrirhuguð notkun)	SAT-númer	Upprunaland	Hætta	Tiðni skoðana á ástandi og auðkennum ⁽¹⁾ (%)
Jarðhnetur og afleiddar afurðir (fóður og matvæli)	1202 10 90; 1202 20 00; 2008 11;	Argentína	Aflatoxín	10
Jarðhnetur og afleiddar afurðir (fóður og matvæli)	1202 10 90; 1202 20 00; 2008 11;	Brasíla	Aflatoxín	50
Snefilefni (fóður og matvæli) ⁽²⁾ ⁽³⁾	2817 00 00; 2820; 2821; 2825 50 00; 2833 25 00; 2833 29 20; 2833 29 80; 2836 99;	Kína	Kadmíum og blý	50
Jarðhnetur og afleiddar afurðir (fóður og matvæli), einkum hnetusmjör (matvæli)	1202 10; 1202 20 00; 2008 11;	Gana	Aflatoxín	50
Krydd (matvæli): – <i>Capsicum</i> spp. (þurrkuð aldin, heil eða möluð, þ.m.t. eldpipar (chilli), eldpirarluft, kajennpipar og paprika) – <i>Myristica fragrans</i> (múskat) – <i>Zingiber officinale</i> (engifer) – <i>Curcuma longa</i> (gullinrót, kúrkúma)	0904 20; 0908 10 00; 0908 20 00; 0910 10 00; 0910 30 00;	Indland	Aflatoxín	50
Jarðhnetur og afleiddar afurðir (fóður og matvæli)	1202 10 90; 1202 20 00; 2008 11	Indland	Aflatoxín	10
Melónufræ (egusi) og afleiddar afurðir ⁽⁴⁾ (matvæli)	úr 1207 99	Nígíría	Aflatoxín	50
Þurrkuð vínber (matvæli)	0806 20	Úsbekistan	Okratoxín A	50
Eldpipar, eldpirarafurðir, gullinrót (kúrkúma) og pálmaolía (matvæli)	0904 20 90; 0910 99 60; 0910 30 00; 1511 10 90	Öll þriðju lönd	Súdan-litarefni	20
Jarðhnetur og afleiddar afurðir (fóður og matvæli)	1202 10 90; 1202 20 00; 2008 11	Víetnam	Aflatoxín	10
Basmati-hrisgrjón til beinnar neyslu (matvæli)	úr 1006 30	Pakistan	Aflatoxín	50
Basmati-hrisgrjón til beinnar neyslu (matvæli)	úr 1006 30	Indland	Aflatoxín	10
Mangó, kínverskar langbaunir (<i>Vigna sesquipedalis</i>), beiskjugúrkur (<i>Momordica</i> <i>charantia</i>), kalabasakúrbítur, (<i>Lagenaria siceraria</i>), paprikur og eggaldin (matvæli)	úr 0804 50 00; 0708 20 00; 0807 11 00; 0707 00; 0709 60; 0709 30 00	Dóminíska lýðveldið	Varnarefnaleifar, greindar með aðferðum til að finna margs konar efnaleifar á grunni gas- og massagreiningar og vökvaskiljunar og massagreiningar ⁽⁵⁾	50

Fóður og matvæli (fyrirhuguð notkun)	SAT-númer	Upprunaland	Hætta	Tíðni skoðana á ástandi og auðkennum ⁽¹⁾ (%)
Bananar	0803 00 11	Dóminíska lýðveldið	Varnarefnaleifar, greindar með aðferðum til að finna margs konar efnaleifar með gas- og massagreiningu og vökvaskiljun og massagreiningu ⁽²⁾	10
Grænmeti, ferskt, kælt eða frosið (piparaldin, dvergbítar og tómatar)	0709 60; 0709 90 70; 0702 00 00	Tyrkland	Varnarefni: metómýl og oxamýl	10
Perur	0808 20 10	Tyrkland	Varnarefni: amítras	10
Grænmeti, ferskt, kælt eða frosið (matvæli) – kínverskar langbaunir (<i>Vigna sesquipedalis</i>) – Eggaldin – <i>Kál</i>	0708 20 00; 0709 30 00; 0704;	Taíland	Fosfórlífrænar varnarefnaleifar	50

⁽¹⁾ Einkum leifar af: amítrasi, asefati, aldikarbi, benómýli, karbendasími, klórphenapýri, klórpyrifosi, CS2 (díþíókarbamötum), díafenþíuróni, díasinóni, díklórvosi, díkófóli, dímetóati, endósúlfani, fenamídóni, imíðaklópríði, malaþíóni, metamíðofosi, metíókarbi, metómýli, mónókrótófosí, ómetóati, oxamýli, prófenófosi, própíkónasóli, þíabendasóli, þíaklópríði

⁽²⁾ Ef einungis er farið fram á að tiltekna afurðir, sem falla undir einhvern kóða, séu skoðaðar og engin sérstök skipting samkvæmt þessum kóða er til í flokkunarkerfi varanna er kóðinn merktur með „úr“ (t.d.úr 20079997: einungis skal telja með afurðir úr heshlhetum).

⁽³⁾ Snefilefni, sem um getur í þessari færslu, eru snefilefni sem tilheyra virkum hópi efnasambanda snefilefna sem um getur í b-lið 3. mgr. I. viðauka í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 (Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29).

⁽⁴⁾ Sett hámarksgildi fyrir blý og kadmíum í aukefnum sem tilheyra virkum hópi efnasambanda snefilefna, sem um getur í I. viðauka tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB (Stjtið. ESB L 140, 30.5.2002, bls. 10), skulu vera viðmiðunarpunktur fyrir aðgerðir. Ef snefilefni eru merkt sem fæðubótarefni, eins og þau eru skilgreind í 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni (Stjtið. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51), gilda hámarksgildin í reglugerð (EB) nr. 1881/2006.

⁽⁵⁾ Hámarksgildin, sem ákveðin eru fyrir aflatoxín í jarðhnetum og afurðum úr þeim í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 (Stjtið. ESB, 20.12.2006, bls. 5) skulu vera viðmiðunarpunktur fyrir aðgerðir.

B. Skilgreiningar

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „eldpipar“: aldin af ættkvíslinni Capsicum sem er þurrkað og mulið eða malað, fellur undir SAT-númerið 0904 20 90 í hvaða formi sem er og er ætlað til manneldis,
- „eldpiparafurðir“: karríduft sem fellur undir SAT-númer 0910 99 60 í hvaða formi sem er og er ætlað til manneldis,
- „gullinrót (kúrkúma)“: gullinrót sem er þurrkuð og mulin eða möluð, fellur undir SAT-númerið 0910 30 00 í hvaða formi sem er og er ætluð til manneldis,
- „pálmaolía“: pálmaolía sem fellur undir SAT-númer 1511 10 90 og er ætluð til manneldis,
- „súdan-lítarefni“ vísar til eftirfarandi hreinna efna:
 - súdan I (CAS-númer 842-07-9),
 - súdan II (CAS-númer 3118-97-6),
 - súdan III (CAS-númer 85-86-9),
 - skarlatsrauður eða súdan IV (CAS-númer 85-83-6).

II. VIÐAUKI

SAMRÆMT INNFLUTNINGSSKJAL (CED)

EVROPUBANDALAGIÐ

Samræmt innflutningsskjal, CED

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu	I.1. Sendandi Nafn Heimilisfang Land + ISO-kóði		I.2. CED-tilvísunarnúmer	
			Tilnefndur komustaður	
			Einingarnúmer tilnefnds komustaðar	
	I.3. Viðtakandi Nafn Heimilisfang Póstnúmer Land + ISO-kóði		I.4. Aðili sem er ábyrgur fyrir sendingunni Nafn Heimilisfang	
			I.5. Upprunaland + ISO-kóði	I.6. Land sendanda + ISO-kóði
	I.7. Innflytjandi Nafn Heimilisfang Póstnúmer Land + ISO-kóði		I.8. Ákvörðunarstaður: Nafn Heimilisfang Póstnúmer Land + ISO-kóði	
	I.9. Koma á tilnefndan komustað (áætluð dagsetning) Dagsetning		I.10. Skjöl Númer Útgáfudagur	
	I.11. Flutningatæki Flugvél <input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Járnbrotarvagn <input type="checkbox"/> Ökutæki <input type="checkbox"/> Auðkenning: Tilvísun í skjöl:			
	I.12. Lýsing á vöru		I.13. Vörunúmer (ST-kóði)	
			I.14. Heildarþyngd/eigin þyngd	
			I.15. Fjöldi pakkninga	
	I.16. Hitastig Við umhverfishita <input type="checkbox"/> Kælt <input type="checkbox"/> Fryst <input type="checkbox"/>		I.17. Tegund umbúða	
	I.18. Fyrirhuguð notkun vörunnar: Til manndis <input type="checkbox"/> Til frekari vinnslu <input type="checkbox"/> Í fôður <input type="checkbox"/>			
	I.19. Innsiglisnúmer og gámanúmer			
	I.20. Flyst áfram til <input type="checkbox"/> Eftirlitsstaður Einingarnúmer eftirlitsstaðar		I.2.	
I.22. Til innflutnings <input type="checkbox"/>		I.23.		
I.24. Flutningatæki til eftirlitsstaðar				
Járnbrotarvagn <input type="checkbox"/> Skráningarnúmer				
Flugvél <input type="checkbox"/> Flugnúmer				
Skip <input type="checkbox"/> Heiti				
Ökutæki <input type="checkbox"/> Skráningarmerki				
I.25. Yfirlýsing Ég, undirrituð/undirritaður, sem ber ábyrgð á ofangreindri vörusendingu, votta að samkvæmt minni bestu vitund eru yfirlýsingarnar í I. hluta þessa vottorðs réttar og fullnægjandi og ég skuldbind mig til að fara að lagakröfum í reglugerð (EB) nr. 882/2004, þ.m.t. um greiðslu fyrir opinbert eftirlit sem og opinberar aðgerðir í kjölfarið ef ekki hefur verið farið að lögum um fôður og matvæli.		Staður og dags. yfirlýsingar Nafn þess sem undirritar Undirskrift		

EVROPUBANDALAGIÐ

Samræmt innflutningsskjal, CED

II. hluti: Ákvörðun um sendinguna	II.1 CED-tilvísunarnúmer	II.2. Tilvísun í tollskjal
	II.3. Sannprófun skjala Fullnægjandi <input type="checkbox"/> Ófullnægjandi <input type="checkbox"/>	II.4. Vörusending valin til ástandsskoðunar Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/>
	II.5. SAMÞYKKT til framsendingar <input type="checkbox"/> Eftirlitsstaður Einingarnúmer eftirlitsstaðar	
	II.6. EKKI SAMÞYKKT <input type="checkbox"/> 1. Endursending <input type="checkbox"/> 2. Eyðing <input type="checkbox"/> 3. Ummyndun <input type="checkbox"/> 4. Önnur notkun <input type="checkbox"/>	II.7. Upplýsingar um ákvörðunarstaði sem eru undir eftirliti (II.6) Nr. samþykkis (ef við á): Heimilisfang Póstnúmer
	II.8. Fullt aukenni tilnefnds komustaðar og opinber stimpill <input type="checkbox"/> Tilnefndur komustaður Stimpill Einingarnúmer tilnefnds komustaðar	II.9. Opinber skoðunarmaður Ég undirritaður, opinber skoðunarmaður á tilnefndum komustað, votta að skoðun á þessari sendingu hefur farið fram í samræmi við kröfur Bandalagsins.
	II.10.	II.11. Skoðun á auðkennum Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/> Fullnægjandi <input type="checkbox"/> Ófullnægjandi <input type="checkbox"/>
	II.12. Skoðun á ástandi Fullnægjandi <input type="checkbox"/> Ófullnægjandi <input type="checkbox"/>	II.13. Prófanir á rannsóknarstofu Leitað að Niðurstöður: Fullnægjandi <input type="checkbox"/> Ófullnægjandi <input type="checkbox"/>
	II.14. SAMÞYKKT til fjálsrar dreifingar <input type="checkbox"/> Til manneidis <input type="checkbox"/> Til frekari vinnslu <input type="checkbox"/> Í föður <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/>	II.15.
	II.16. EKKI TÆK <input type="checkbox"/> 1. Endursending <input type="checkbox"/> 2. Eyðing <input type="checkbox"/> 3. Ummyndun <input type="checkbox"/> 4. Önnur notkun <input type="checkbox"/>	II.17. Ástæða synjunar 1. Skirteini vantar/er ógilt (ef við á) <input type="checkbox"/> 2. Kenni: Ekki í samræmi við skjöl <input type="checkbox"/> 3. Skortur á hreinlæti <input type="checkbox"/> 4. Efnamengun <input type="checkbox"/> 5. Örverumengun <input type="checkbox"/> 6. Annað <input type="checkbox"/>
	II.18. Upplýsingar um áfangastaði sem eru undir eftirliti (II.16) Nr. samþykkis (ef við á): Heimilisfang Póstnúmer	
II.19. Sending endurinnsiglið Nr. nýs innsiglis:		
II.20. Fullt auðkenni tilnefnds komustaðar/eftirlitsstaðar og opinber stimpill Stimpill	II.21. Opinber skoðunarmaður Ég undirritaður, opinber skoðunarmaður á tilnefndum komustað/eftirlitsstað, votta að ástandsskoðun á þessari sendingu hefur farið fram í samræmi við kröfur Bandalagsins. Nafn (með hástöfum): Dagsetning Undirskrift	

III. hluti: Eftirlit	III.1. Upplýsingar um endursendingu: Númer flutningatækis Járnbrautarvagn <input type="checkbox"/> Flugvél <input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Ökutæki <input type="checkbox"/> Viðtökuland: + ISO-kóði Dagsetning
	Tafla II.1 Eftirfylgni Sendingin kom Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/> Lögbert staðaryfirvald, eining <input type="checkbox"/> Sendingin er í samræmi við uppgæfnað upplýsingar Já <input type="checkbox"/> Nei <input type="checkbox"/>
	III.3. Opinber skoðunarmaður Nafn (með hástöfum) Einingarnúmer Heimilisfang Undirskrift Dagsetning Stimpill

Leiðbeiningar með samræmda innflutningsskjalinu

- Almennt Fyllið skjalið út með hástöfum Útskýringarnar vísa til númers viðkomandi reits.
- I. hluti Stjórnandi fôður- og matvælaflutnings eða fulltrúi hans skal fylla út þennan hluta nema annað sé tekið fram.**
- Reitur I.1. Sendandi: nafn og fullt heimilisfang einstaklings eða lögaðila (fôður- og matvælaflutnings) sem sendir vörurnar. Mælt er með að gefnar séu upplýsingar um síma- og bréfasímanúmer eða tölvupóstfang.
- Reitur I.2. Þessi reitur fyllist út af yfirvöldum á tilnefndum komustað eins og skilgreint er í 2. gr.
- Reitur I.3. Viðtakandi: nafn og fullt heimilisfang einstaklings eða lögaðila (fôður- og matvælaflutnings) sem tekur við vörunum. Mælt er með að gefa upplýsingar um síma- og bréfasímanúmer eða tölvupóstfang.
- Reitur I.4. Aðili sem ber ábyrgð á vörusendingunni (einnig umboðsaðili, skýrslugjafi eða stjórnandi fôður- og matvælaflutnings): sá aðili sem ber ábyrgð á sendingunni sem kemur inn á tilnefndan komustað og leggur fyrir hönd innflytjandans nauðsynlegar yfirlýsingar fyrir lögbæru yfirvöldin. Gefið upp nafn og fullt heimilisfang. Mælt er með að gefa upplýsingar um síma- og bréfasímanúmer eða tölvupóstfang.
- Reitur I.5. Upprunaland: landið þaðan sem varan kemur, þar sem hún er ræktuð, safnað saman eða framleidd.
- Reitur I.6. Sendingarland: landið þar sem sendingin var sett um borð í flutningatæki til lokaflutnings til Bandalagsins.
- Reitur I.7. Innflytjandi: nafn og fullt heimilisfang. Mælt er með að gefa upplýsingar um síma- og bréfasímanúmer eða tölvupóstfang.
- Reitur I.8. Viðtökustaður: heimilisfang viðtakanda innan Bandalagsins. Mælt er með að gefa upplýsingar um síma- og bréfasímanúmer eða tölvupóstfang.
- Reitur I.9. Koma á tilnefndan komustað: gefið upp áætlaðan komudag sendingarinnar á tilnefndan komustað.
- Reitur I.10. Fylgiskjöl: gefið upp útgáfudag og fjölda löggiltra fylgiskjala sem fylgja vörusendinginni, eins og við á.
- Reitur I.11. Veitið ítarlegar upplýsingar um flutningatæki: flugnúmer ef um loftfar er að ræða, heiti skips, skráningarkerki og, ef við á, númer eftirvagns ef um ökutæki á vegum er að ræða og auðkenni lestar og númer vagns ef um járnbrautarlest er að ræða. Tilvísun í skjöl: flugfarmsskrteinisnúmer, farmskirteinisnúmer eða viðskiptanúmer lestar eða ökutækis.
- Reitur I.12. Vörulýsing: vinsamlegast gefið ítarlega lýsingu á vörunni (þ.m.t. tegund ef um fôður er að ræða).
- Reitur I.13. Vörunúmer eða ST-númer í hinni samræmdu tollskrá Alþjóðatollastofnunarinnar.
- Reitur I.14. Heildarþyngd: þyngd alls í kg. Hún er skilgreind sem heildarmassi afurðanna með innri og ytri umbúðum, að frátöldum flutningagámum og öðrum flutningsbúnaði.

Eigin þyngd: þyngd sjálfrar afurðarinnar í kg, að frátöldum umbúðum. Hún er skilgreind sem massi afurðanna sjálfra, án innri og ytri umbúða.
- Reitur I.15. Fjöldi pakkninga.
- Reitur I.16. Hitastig: merkja skal við viðeigandi flutnings-/geymsluhitastig.
- Reitur I.17. Tegund umbúða: gefið upp tegund umbúða utan um afurðirnar.
- Reitur I.18. Fyrirhuguð notkun vörunnar: merkið í viðeigandi reit eftir því hvort varan er ætluð til neyslu manna, án þess að vera flokkuð eða unnin að öðru leyti (merkið við „til manneldis“), er ætluð til manneldis eftir slíka vinnslu (merkið við „frekari vinnsla“), eða ætluð til notkunar sem fôður (merkið við „fôður“).
- Reitur I.19. Tilgreinið öll innsiglis- og kenninúmer gáma eftir því sem við á.
- Reitur I.20. Flutningur á eftirlitsstað: Á aðlögunartímabilinu, sem um getur í 17. gr., skal merkt við þennan reit á tilnefndum komustað til að heimila flutning áfram á annan eftirlitsstað.
- Reitur I.21. Á ekki við.
- Reitur I.22. Vegna innflutnings: merkið við þennan reit ef vörusendingin er ætluð til innflutnings (8. gr.).
- Reitur I.23. Á ekki við.
- Reitur I.24. Merkið við viðeigandi flutningatæki.

II. hluti Lögbert yfirvald skal fylla út þennan hluta.

- Reitur II.1. Notið sama tilvísunarnúmer og í reit I.2.
- Reitur II.2. Tollyfirvöld nota ef þörf krefur.
- Reitur II.3. Sannprófun skjala: fyllist út fyrir allar sendingar.
- Reitur II.4. Yfirvald á tilnefndum komustað skal tilgreina hvort vörusendingin hefur verið valin til ástandsskoðunar, sem má framkvæma á öðrum eftirlitsstað á meðan aðlögunartímabilið, sem um getur getur í 17. gr., stendur yfir.
- Reitur II.5. Yfirvald á tilnefndum komustað skal, að lokinni fullnægjandi sannprófun á skjölum/auðkennum, tilgreina, á meðan aðlögunartímabilið sem um getur í 17. gr. stendur yfir, á hvaða eftirlitsstað skuli flytja vörusendinguna til ástandsskoðunar.
- Reitur II.6. Takið skýrt fram til hvaða aðgerða skal gripið ef vörusendingunni er hafnað vegna ófullnægjandi niðurstöðu úr sannprófun á skjölum eða auðkennum. Heimilisfang fyrirtækisins sem tekur við sendingunni ef merkt er við „Endursending“, „Eyðing“, „Umbreyting“ eða „Önnur notkun“ í reit II.7.
- Reitur II.7. Tilgreinið, eins og við á, samþykkisnúmer og heimilisfang (eða heiti skips og höfn) fyrir alla ákvörðunarstaði ef frekara eftirlits er krafist með sendingunni, t.d. fyrir reit II.6, „Endursending“, „Eyðing“, „Umbreyting“ eða „Önnur notkun“.
- Reitur II.8. Stimplið hér með opinberum stimpli lögbærs yfirvalds á tilnefndum komustað.
- Reitur II.9. Undirskrift embættismanns sem ber ábyrgð á þessum málum hjá lögbæru yfirvaldi á tilnefndum komustað.
- Reitur II.10. Á ekki við.
- Reitur II.11. Yfirvald á tilnefndum komustað eða, á aðlögunartímabilinu sem um getur í 17. gr., lögbært yfirvald á eftirlitsstað færi hér inn niðurstöður úr skoðun á auðkennum.
- Reitur II.12. Yfirvald á tilnefndum komustað eða, á aðlögunartímabilinu sem um getur í 17. gr., lögbært yfirvald á eftirlitsstað færi hér inn niðurstöður úr ástandsskoðunum.
- Reitur II.13. Yfirvald á tilnefndum komustað eða, á aðlögunartímabilinu sem um getur í 17. gr., lögbært yfirvald á eftirlitsstað færi hér inn niðurstöður úr prófun á rannsóknarstofu. Tilgreinið í þessum reit flokk efnis eða sjúkdómsvalds sem prófun á rannsóknarstofu tekur til.
- Reitur II.14. Þessi reitur fyllist út fyrir allar sendingar sem eru samþykktar til frjálsrar dreifingar innan Bandalagsins.
- Reitur II.15. Á ekki við.
- Reitur II.16. Takið skýrt fram til hvaða aðgerða skal gripið ef vörusendingunni er hafnað vegna ófullnægjandi niðurstöðu úr ástandsskoðun. Heimilisfang fyrirtækisins sem tekur við sendingunni ef merkt er við „Endursending“, „Eyðing“, „Umbreyting“ eða „Önnur notkun“ í reit II.7.
- Reitur II.17. Ástæða synjunar: notið þennan reit, ef við á, til að bæta við upplýsingum sem skipta máli. Merkið í viðeigandi reit.
- Reitur II.18. Tilgreinið, eins og við á, samþykkisnúmer og heimilisfang (eða heiti skips og höfn) fyrir alla ákvörðunarstaði ef frekara eftirlits er krafist með sendingunni, t.d. fyrir reit II.6, „Endursending“, „Eyðing“, „Umbreyting“ eða „Önnur notkun“.
- Reitur II.19. Nota skal þennan reit ef upprunalegt innsigli á sendingu hefur verið rofið þegar gámur var opnaður. Halda skal heildarskrá yfir öll innsigli sem hafa verið notuð í þessum tilgangi.
- Reitur II.20. Stimplið hér með opinberum stimpli yfirvalds á tilnefndum komustað eða, á aðlögunartímabilinu sem um getur í 17. gr., stimpli lögbærs yfirvalds á eftirlitsstað.
- Reitur II.21. Hér komi undirskrift embættismanns sem ber ábyrgð á þessum málum hjá yfirvaldi á tilnefndum komustað eða, á aðlögunartímabilinu sem um getur í 17. gr., lögbærs yfirvalds á eftirlitsstað.

III. hluti Lögbert yfirvald skal fylla út þennan hluta.

- Reitur III.1. Upplýsingar um endursendingu: yfirvald á tilnefndum komustað eða, á aðlögunartímabilinu sem um getur í 17. gr., lögbært yfirvald á eftirlitsstað, tilgreinir flutningstækið, auðkenningu þess, viðtökuland og dagsetningu endursending jafnskjött og upplýsingarnar liggja fyrir.
- Reitur III.2. Eftirfylgni: tilgreinið þá einingu lögbærs yfirvalds á staðnum sem er ábyrg, eins og við á, fyrir eftirliti ef sendingin er merkt „Eyðing“, „Umbreyting“ eða „Önnur notkun“. Sama lögbæra yfirvaldið skal skrá hér niðurstöðu komu vörusendingarinnar og könnunar á samræmi.
- Reitur III.3. Undirskrift embættismanns sem ber ábyrgð á þessum málum hjá yfirvaldi á tilnefndum komustað eða, á aðlögunartímabilinu sem um getur í 17. gr., lögbærs yfirvalds, ef merkt er við „Endursending“. Undirskrift ábyrgs embættismanns lögbærs yfirvalds á staðnum ef merkt er við „Eyðing“, „Umbreyting“ eða „Önnur notkun“.